



**Skýrsla stjórnar AÞ
fyrir starfsárið 2003 –2004**



Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga h.f.

Aðalfundur félagsins haldinn í Hótel Reyhlið

27. maí 2004

Starfsemi

Síðasti aðalfundur AP var haldinn í Þórsveri á Þórshöfn 6. júní 2003. Síðan þá hefur stjórn félagsins haldið 8 formlega stjórnarfundum. Nýkjörin stjórn kom saman til fyrsta fundar 6. júní á Þórshöfn og skipti þá m.a. með sér verkum. Björn Ingimarsson var kjörinn formaður, Pétur Snæbjörnsson varaformaður og Guðmundur Guðmundsson ritari.

Eins og fram kom á síðasta aðalfundi voru gerðir nýir samstarfs-samningar við Byggðastofnun og sveitarfélögin á fyrri hluta ársins 2003. Af þessu leiddi að auðveldara var að gera áætlanir fyrir þetta síðasta starfsár, en áður hafði verið um tíma. Þetta er mjög mikilvægt til að ná árangri. Verkefni eru mörg og margvísleg og svæðið stórt. Hér verður þó einnig að draga fram að þrátt fyrir nýjan samning ríkti ákveðin óvissa í tengslum við gerð fjárlaga á Alþingi fyrir 2004 þar til útséð var hve miklum fjármunum yrði varið til atvinnuþróunarfélaga.

Í samræmi við samstarfssamning við Byggðastofnun var gerður sérstakur verkefnasamningur um tiltekin viðfangsefni.

Þar sem fjárhagsrammi AP er þröngur var leitað eftir frekari sértekjum í formi verkefnastyrkja.

Tveir starfsmenn voru hjá AP á árinu. Tryggvi Finnsson, framkvæmdastjóri, og Gunnar Jóhannesson, atvinnuráðgjafi. Ljóst er að miðað þörfina fyrir sókn í atvinnu- og byggðamálum, og aukin verkefni og sum þeirra viðamikil, þarf að leita leiða til að bæta enn í starfsemina.

AP er með skrifstofuaðstöðu á 3ju hæð að Garðarsbraut 5 á Húsavík. Skrifstofa AP var starfrækt allt árið að frátöldum þremur vikum í júlí og ágúst, en þá var lokað vegna sumarleyfa. Á starfsárinu var lögð áhersla á reglubundnar ferðir um starfssvæðið, einkum til austurs.

Ekki voru haldnir sérstakir kynningarfundir með sveitarfélögum eins og á síðasta starfsári, en reynt að halda samskiptum og

upplýsingamiðlun í sem bestu horfi. Vefsíða AP var endurbætt á tímabilinu, og fyrir liggur að bæta hana enn frekar.

Nokkur áhersla var lögð á aðstoð við faglega gerð umsókna um ýmsa verkefnastyrki, oftast en ekki með góðum árangri.

Eðli málsins samkvæmt verður til mikið af gögnum og upplýsingum á skrifstofunni. Á starfsárinu var m.a. unnið að bættri skilgreiningu og flokkun á rafrænum skjölum, skráningu verkefna og fleiru í þeim dúr.

Starfssvæði AP stækkaði á síðasta ári, en í framhaldi af sameiningu fjögurra sveitarfélaga undir heiti Þingeyjarsveitar var ákveðið að AP þjónaði einnig Fnjóskadalnum sem áður tilheyrði Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar. Þaðan hafa nú þegar komið nokkur verkefni.

Samstarfsverkefni

Samstarf við önnur atvinnuþróunarfélög var ekki mikið á starfsárinu en gott. Í síðustu viku var haldinn á Húsavík árlegur vorfundur atvinnuþróunarfélaga og Byggðastofnunar. Gott samstarf og jafnvel vaxandi er við starfsfólk Byggðastofnunar.

Frumkvöðlasetur Norðurlands er með starfsaðstöðu á Húsavík í samstarfi við AP. Segja má að aðstaðan hafi verið nýtt fyrir nokkur verkefni frá opnun hennar í mars 2001. Aðstaðan er einkum hugsuð fyrir tímabundin verkefni, t.d. þar sem verið er að undirbúa stofnun fyrirtækis eða gera sérstakar athuganir.

Nýsköpunarmiðstöðin bauð atvinnuþróunarfélögum upp á samstarfsverkefni þar sem styrkur kæmi á móti vinnu. AP og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða unnu sameiginlega að verkefni sem fólst í að setja upp rekstrarlíkan fyrir smábátaútgerð og smærri fiskvinnslu. Framhald verður á slíkum samstarfsverkefnum en síðar á þessu ári verður unnið að rekstrarlíkani fyrir ferðaþjónustu.

Í lok árs 2002 var stofnað Markaðsráð Húsavíkur og nágrennis. Gott samstarf var við félagið og raunar hýsti AP skrifstofu þess fram á sumar 2003. Tilkoma Markaðsráðsins létti verulega á starfsmönnum AP þar sem margvíslega fyrirspurnir um þjónustu á Húsavík beinast ekki lengur á skrifstofuna.

Helstu verkefni

Það er alltaf álitamál hvað telst vera formlegt verkefni, svo margvísleg geta viðfangsefnin verið. Allt árið 2003 voru stofnuð 65

verkefni hjá AÞ og það sem af er þessu ári eru þau 28. Hér erum við einungis að tala um verkefni sem krefjast einhverrar vinnu, en ekki taldar fjölmargar fyrirspurnir, smávægileg aðstoð eða ráðgjöf sem er veitt í gegnum síma, en slík viðvik eru fjölmörg.

Í töflunni má sjá yfirlit yfir skráð verkefni 2003:

1	Atvinnuráðgjöf	16
2	Byggðaverkefni	4
3	Þróunar- og stefnumótunarverkefni	17
4	Nýsköpun	12
5	Upplýsingamiðlun og fræðslumál	3
6	Innri málefni AÞ	2
7	Önnur mál	7
8	Stærri iðnaðarkostir	4

Verkefni sem tengjast stærri iðnaðarkostum hafa tekið verulegan tíma á undanförunum misserum, enda eru þetta að flestra mati bæði mjög brýn viðfangsefni og líklegust til að skila mestum árangri. Þetta eru líka verkefni sem geta tekið tíma og reynt á þolinmæði, en því mikilvægara að halda markvisst áfram baráttunni. Það er mikið undir okkur heimaaðilum komið hvernig tekst til með ýmis verkefni. Eða eins og sagt er: Þeir fiska sem róá!

Ferðapjónustan hefur einnig tekið mikinn tíma starfsmanna. Á starfsárinu var lögð áhersla á að styðja við svæðisbundna stefnumótun og ennfremur að hvetja aðila til að auka afþreyingarþjónustu og skilgreina sem flesta þætti sem geta virkað sem aðdráttarafl.

AÞ kom að stefnumótun með ferðaaðilum og sveitarfélögum við Þistilfjörð og Langanes. Til stendur að fara í slíka vinnu við Öxarfjörð og víðar. Verkefni sem tengjast þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum héldu áfram. Þar er m.a. um að ræða stuðning við hugmyndir um Gljúfrastofu, gestastofu og upplýsingamiðstöð í Ásbyrgi. Litið er á þetta verkefni sem mikilvæga byggðaaðgerð fyrir austurhluta starfssvæðisins.

Kelduneshreppur tók frumkvæði í verkefni sem við höfum kallað "Þjóðgarður og samfélag" sem gengur út á að fara yfir hvernig nýta megi tilvist þjóðgarðsins og nærumhverfis hans sem best. Hér getur ávinningurinn verið með ýmsu móti s.s. efnahagslegur, umhverfislegur og félagslegur. Í tengslum við þetta verkefni fór

fulltrúi AP á ráðstefnu um þjóðgarða sem haldin var í Noregi í ágúst síðast-liðnum.

Á undanförnum misserum hefur AP gerst aðili að þremur svokölluðum NPP verkefnum (norðurslóðaáætlun ESB). Í öllum tilfellum kemur AP að verkefnum sem einskona regnhlíf fyrir svæði innan Þingeyjarsýslu. Þetta er bæði áhugaverð nýjung í starfi félagsins og líkleg til að skila árangri. Hér er um að ræða PPP (People, Parks, Progress) sem fjallar um þjóðgarða og nærumhverfi þeirra, og fellur því að áðurnefndu verkefni. Snow Magic er samstarf við sveitarfélög í Svíþjóð og Finnlandi, og miðast við að þróa afþreyingu (þjónustu) og atburði sem varða ferðaþjónustu yfir vetrartímam. NORCE eða strandverkefni miðar að auknu samstarfi og samstarfsneti sjávarbyggða landa innan NPP.

Frumkvæði AP í þessum verkefnum, ásamt ýmsum fleiri skilgreindum verkefnum, leiðir til þess að nokkuð fjármagn kemur inn á svæðið sem gerir kleift að framkvæma eitt og annað sem að öðrum kosti hefði verið erfiðara. Það eitt að skilgreina verkefnishugmynd og skipuleggja aðgerðaáætlun, hefur í þessum tilfellum þegar skilað mælanlegum árangri.

Áfram var unnið að ýmsum hugmyndum sem tengjast verkefninu um heilsuferðaþjónustu, en Heilbrigðisstofnun Þingeyinga hefur haft ákveðið frumkvæði í þessum málum. Ljóst er að mikill áhugi er fyrir slíkum verkefnum víða um héraðið.

Skipulags- og bygginganefnd Húsavíkurbæjar óskaði síðastliðið haust eftir samstarfi við AP við undirbúning og framkvæmd íbúabings á Húsavík, í tengslum við endurskoðun á aðalskipulagi. Íbúabingið var haldið í lok febrúar og tókst vel til, bæði hvað varðar skipulagningu og framkvæmd.

Hér er rétt að fjalla í stuttu máli sérstaklega um nokkur verkefni.

Orkufrekur iðnaður. Í september árið 2002 var gert samkomulag milli MIL, Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og Húsavíkurbæjar um undirbúning að staðarvali fyrir orkufrekan iðnað við Húsavík. Mikil vinna og fjármunir hafa verið lagðir í þetta verkefni, sem ástæða er til að þakka fyrir.

Helstu niðurstöður þessarar athugunar er að finna í skýrslu sem Hönnun h.f. hafði veg og vanda af að gera, og er dagsett í janúar 2003. Henni fylgja einnig ýmis undirgögn og skýrslur. Þetta verkefni fór í gang eftir fram kominn áhuga Atlantaf ehf á að reisa hér 200.000 tonna súrálver og/ eða 360.000 tonna álbræðslu. Skýrsla Hönnunar h.f. er fyrst og fremst skrifuð á forsendum súrálvinnslu,

en mest af skýrslunni getur einnig átt við um annan orkufrekan iðnað.

Þegar það lá fyrir að MIL yrði lagt niður, kom fram í viðræðum við Iðnaðarráðuneytið, að áhugi væri fyrir því að vinna verkefnið "norðurlandsstóriðja" áfram og fella þar saman nýtingu háhitaorkunnar hér í Þingeyjarsýslu og uppbygging álbræðslu. Viðræður standa nú yfir við ráðuneytið um framhald verkefnisins. Á meðan ekki er ljóst hvert framhaldið verður hefur Húsavíkurbær og Atvinnuþróunarfélagið ákveðið að vinna áfram að verkefninu, sem okkar heimavinnu og fylla upp í það sem ekki var fullklárað þegar frá var horfið hjá MIL. Þau verkefni sem við viljum skoða betur eru:

- Hafnarmálin, sérstaklega með hvaða hætti best er að nýta Bökugarðinn, sem nú er í byggingu. Þar verður kominn 130 m viðlegukantur á næsta ári með 10,5 metra dýpi og auðvelt að dýpka við hann niður á 12-13 m. Í skoðun er með hvaða hætti best er að tengja Bökugarðinn tæknilega við verksmiðjulóðina á Bakka eða jafnvel við verksmiðjulóðina í Gvendarbás og hvaða flutningsleiðir eru færar.
- Þar sem súrálverkefnið er á "hold" er ástæða til að skoða frekar álbræðslu, bestu stærð hennar og hvernig best er að byggja upp áfangaskipta álbræðslu í takt við skynsamlega uppbyggingu orkuvera í nágrenninu.
- Einnig er ástæða til að skoða hvernig best er tæknilega að tengja orkuver á Þeistareykjum við væntanlegt álver við Húsavík og fella það inn í uppbyggingu orkuvera í nágrenninu.
- Í framhaldi af þessari vinnu þarf að setja saman nýja skýrslu sem fjallar um álver við Skjálfanda, byggða á fyrri skýrslu og okkar athugunum.

Polyol verksmiðja. Verkefnið snýst um að kanna möguleika á byggingu polyol verksmiðju við Húsavík. Polyol er flokkur efnasambanda sem m.a. er hráefni í flísfatnað, einnig er um að ræða frostlög svo eitthvað sé nefnt. Þessi efnasambönd eru í dag framleidd úr olíu. Með nýrri aðferð verður hráefnið sykur. Afurðin hefur verið nefnt "Green polyol".

Hér yrði um 10 milljarða fjárfestingu að ræða og um 70 ný störf. Verksmiðjan mun nýta 800 þús. tonn af gufu á ári sem leidd yrði frá Þeistareykjum. Unnið hefur verið að þessu frá því um mitt ár 2003 og vonast er eftir að fá um það niðurstöður í kringum næstu áramót hvort þessi hugmynd er eins álitleg og gengið var út frá.

Glucomed ASA í Noregi hefur haft í undirbúningi í nokkurn tíma að reisa verksmiðju á Húsavík sem framleiddi lyfið glucosamín. Þetta

er gigtarlyf sem byggir upp brjóskefni líkamans. Nú standa vonir til að framkvæmdir við fyrri áfanga verksmiðjunnar geti hafist í haust. Framkvæmdir eru þó háðar því að vel takist til með hlutafjárútbóð sem nú stendur yfir í Noregi og á Íslandi.

Kísiliðjan við Mývatn. Á árinu 2001 var Kísiliðjan h.f. seld Allied-Efa, en það fyrirtæki hafði unnið að verkefni sem byggir á að framleiða kísilduft með nýrri og endurbættri aðferð. Samhliða sölu Kísiliðjunnar var gerður afurðasölusamningur við World Minerals þar sem gert var ráð fyrir að framleiðslu yrði hætt í árslok 2004, með ákvæði um að mögulegt væri að framlengja samninginn um tvö ár.

Nú liggur fyrir að ákvæðið um framlengingu verður ekki nýtt og Kísiliðjuni verður lokað un næstu áramót. Allied Efa hafði stofnað fyrirtækið Promeks AS um þróun kísilduftverkefnisins og starfrækt tilraunaverksmiðju í Glomfjorden í Noregi með góðum árangri. Góðar vonir voru því bundnar við að kísilduftverksmiðja yrði risin við hlið Kísiliðjunnar þegar kæmi að lokun hennar og þannig yrði samfella í iðnaðarstarfsemi á lóð Kísiliðjunnar og lágmarks röskun yrði á högum starfsmanna þar. Þetta hefur ekki gengið eftir, að sögn vegna þess að fjármögnun verkefnisins er enn ekki lokið. Rætt er um að niðurstaða liggi fyrir í byrjun júní.

Á haustdögum 2003 var að frumkvæði Héraðsnefndar Þingeyinga hafin umræða um hvort samfélagið hér í Þingeyjarsýslum gæti saman nýtt styrk sinn til að ljúka fjármögnun verkefnisins. Að kom að þessu verkefni með framkvæmdastjóra Héraðsnefndar. Niðurstaðan var stofnun fjárfestingafélagsins Fjárbings ehf. Hluthafar eru flest sveitarfélög í Þingeyjarsýslum og fyrirtæki sem hafa af því hagsmuni að við Mývatn verði áfram iðnaðarstarfsemi sem nýtir háhita auðlindina í Bjarnarflagi. Það var ánægjulegt hvað mikil samstaða og eindrægni var á svæðinu að takast á við þetta verkefni. Vonandi fær þetta mál farsæla niðurstöðu.

Markmið

Starfsemi AÞ hefur eftirfarandi meginmarkmið:

- Að stuðla að jákvæðri þróun atvinnulífs í Þingeyjarsýslum.
- Að bæta almenn búsetuskilyrði á starfssvæði félagsins í samstarfi við sveitarfélögin á svæðinu og samtök þeirra.
- Að skipuleggja og standa fyrir fjölbreyttum stuðningsaðgerðum í þágu þeirra sem eru í atvinnurekstri, hyggja á atvinnurekstur eða tengjast þróun atvinnulífs.
- Að auka nýsköpun og arðsemi í atvinnulífinu með verkefnum og þjónustu, sem fela í sér hagnýtt gildi og er hvetjandi til athafna á sviði atvinnusköpunar.

Félagið veitir einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum á starfssvæðinu fjölbætta þjónustu á sviði viðskiptaráðgjafar. Þjónusta félagsins er endurgjaldslaus.

Hluthafar

Hluthafaskrá breyttist ekki á starfsárinu. Stjórnin ákvað að setja af stað athugun á vilja fyrirtækja og stofnana á svæðinu til að gerast hluthafar eða styðja við starfsemina með einhverjum hætti. Fyrir þessum aðalfundi liggur tillaga um breytingu á samþykktum félagsins. Fyrir því liggja tvær meginástæður. Annarsvegar að uppfæra þau m.a. miðað við nýja samninga við Byggðastofnun og sveitarfélögin, og hinsvegar er nauðsynlegt að styrkja eiginfjárstöðu félagsins með auknu hlutafé. Það liggur fyrir áhugi nokkurra aðila að gerast hluthafar að Aþ, eða að gera einskonar styrktarsamninga við félagið.

Hvatningarverðlaun

Að loknum þessum aðalfundi verða Hvatningarverðlaun Aþ afhent í þriðja skipti. Markmiðið með verðlaununum er að hvetja einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir til nýsköpunar og til að ná árangri í rekstri.

Lokaorð

Á síðasta starfsári náðist það markmið að festa í sessi annan starfsmann í fullu starfi hjá Aþ. Fram til þess hafði einungis verið starfandi við félagið framkvæmdastjóri ásamt starfsmanni í hluta starfi. Það sýndi sig á síðasta ári að verkefnin á starfssvæði Aþ eru ærin og hafa starfsmenn komið að fjölmörgum verkefnum sem hægt hefur verið að sinna misvel. Það er nú mat stjórnar félagsins að enn þurfi að bæta kolum á eldinn ef vel á að vera.

Eins og áður hefur komið fram stækkaði starfssvæði Aþ nokkuð með sameiningu sveitarfélaga í Þingeyjarsveit. Raunin hefur orðið sú að svæðin vestast í Þingeyjarsveit sem sóttu áður þjónustu til Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar sækja þessa þjónustu nú til Aþ. Þannig er starfssvæðið bæði víðfemt og margbreytilegt.

Á stjórnarfundi nýverið var því ákveðið að hefja viðræður við Byggðastofnun um að fjárveiting til Aþ verði endurskoðuð með það fyrir augum að unnt verði að bæta við þriðja starfsmanninum. Með þriðja starfsmanni gæfist kostur á að deila stafsmönnum niður á svæði þannig að einn starfsmaður helgi krafta sína norður sýslunni og annar suður sýslunni. Framkvæmdastjóri komi síðan að viðameiri

verkefnum og stefnumótun auk þess að annast samskipti við stjórnvöld, Byggðastofnun og ýmis samtök sem AP er aðili að.

Það að deila starfsmönnum á svæði í stað greina kemur til af því að áherslur í atvinnumálum eru mismunandi í milli umræddra svæða og því er talið vænlegt til árangurs að hafa þennan hátt á.

Óvissa um framtíð atvinnumála er það versta sem hent getur einstök samfélög í dag. Það að leiðin liggur ekki skýrt mörkuð og að þekkingin nær jafnvel aðeins að næstu bugðu getur orðið til þess að fólksflótti brestur á. Slíkt getur auðveldlega valdið hruni atvinnulífs sem ella hefði mátt bjarga. Ef valkostir í atvinnulíf eru til staðar minnka líkur á því að þessi þróun komi til.

Það er ánægjulegt að vita til þess að á því svæði sem við erum í dag eru nýir vaxtabroddar í atvinnulífinu að brjótast fram. Það dylst engum að hér eru blikur á lofti í atvinnumálum, en hér er líka til staðar frumkvöðlahugsun sem er líkleg til að hleypa nýjum og sterkari stoðum undir atvinnulífið í framtíðinni.

Sú staðreynd að Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga á virkan þátt í því uppbyggingarstarfi sem hér er hafið sýnir okkur að við erum á réttri braut með þá starfsemi. Við megum því ekki slá af þeim kröfum okkar að efla starfsemina því, ef rétt er á haldið, á slíkt að geta skilað sér margfaldlega í eflingu atvinnulífsins í Þingeyjarsýslum.

Ég vil því enn einu sinni brýna fólk á því að láta vel til sín heyra hvar og hvenær sem slíkt gæti orðið Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga að liði. Því að þannig getum við m.a. stuðlað að öfluglu atvinnulífi í Þingeyjarsýslum til lengri tíma litið.

Að lokum vil ég þakka það traust sem hluthafar hafa sýnt mér með því að kjósa mig til trúnaðarstarfa fyrir félagið, einnig þakka ég samverkamönnum í stjórn og starfsmönnum félagsins ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

Þannig flutt á aðalfundi 27. maí 2004.

Björn Ingimarsson
formaður stjórnar